

Fundargerð

187. fundur stjórnar HEF ehf. haldinn á Hótel Héraði, miðvikudaginn 22. apríl 2015 kl. 12:00.

Mættir eru: Gunnar Jónsson, Guðbjörg Björnsdóttir, Gunnhildur Ingvarsdóttir, Karl Lauritzson, Skúli Björnsson og Guðmundur Davíðsson framkvæmdastjóri.

Af aðalmönnum er fjarverandi:

Dagskrá:

1. Innkomin erindi og fundargerðir
2. Samningur vegna lagnaleiða
3. Skýrsla framkvæmdastjóra
4. Skógarorka ehf.
5. Önnur mál

Gengið til dagskrár

Gunnar Jónsson formaður stýrði fundi.

1. Innkomin erindi og fundargerðir

- a) Matjurtarækt á Austurlandi, ósk um styrk í undirbúningsverkefni undir forystu Framfarafélags Fljótsdalshéraðs. Framkvæmdastjóri innleiddi erindið og málið rætt áður en Skúli Björnsson vék af fundi við afgreiðslu erindisins. HEF fagnar áhugasömu erindi en í stað þessa að leggja fram umbeðna fjárhæð til Framfarafélagsins mun HEF taka að sér að kosta ráðningu sérfræðiaðstoðar á svæðið í samráði við félagið, allt að 400 þús.kr.
- b) Starfsleyfi fyrir fráveitur, ítrekuð ósk um umsögn – áður á dagskrá HEF 12.02.2015. Málinu vísað til næsta fundar en þá mun fulltrúi frá HAUST mæta til fundar sem fyrirhugaður er 13. maí n.k.
- c) Vistvænar samgöngur erindi frá even electric vehicle environment sem vill selja veitunni rafbíl. Ekki er á áætlun að breyta bílafloata veitunnar að svo stöddu en stjórn er jákvæð fyrir framgangi rafvæðingar samgöngutækja.



- d) Vaskur, beiðni um stærri heimtaugar fyrir heitt og kalt vatn. Framkvæmdastjóri vakti athygli á að á sínum tíma þegar húsið er byggt var bent á það af veitunni að inntök væru of grönn. Framkvæmdastjóra falið að svara erindinu bréflaga.
- e) Nýting seyru til uppgræðslu erindi frá Landgræðslu ríkisins. Um er að ræða seyru frá hreinsivirkjum. Samkvæmt samningi sér Bólholt ehf. um rekstur og losun hreinsivirkja. Framkvæmdastjóra falið að upplýsa bréfritara um ferlið eins og það er í dag.
- f) Fagfundur Samorku í Borgarnesi 28. og 29. maí n.k. – Samþykkt að a.m.k. fjórir mæti frá HEF ehf.
- g) Fundargerð fagráðs fráveitusviðs no. 3 2015 – lögð fram til kynningar.
- h) Fundargerð fagráðs vatnsveitusviðs no. 2 2015 – lögð fram til kynningar.
- i) Fundargerð fagráðs hitaveitusviðs no. 2 2015 – lögð fram til kynningar.

2. Samningur vegna lagnaleiða

Gunnar Jónsson vék af fundi undir þessum lið. Fram er lagður undirritaður samningur um lagnastæði Hitaveitu Egilsstaða og Fella um land Egilsstaða 1.

Samþykktur samhljóða.

Varðandi fyrirvara í samningnum þá er framkvæmdastjóra og varaformanni falið að vinna þessa samninga sem útaf standa.

3. Skýrsla framkvæmdastjóra.

- Útboð á framkvæmdum á Egilsstaðanesi farin í auglýsingu.
- Búið að undirrita samninga við Set ehf.
- Haldið verður námskeið í samsetningum hita- og vatnsveitulagna 11. og 12. maí. hér á svæðinu.

4. Skógarorka.

Umræða um málið að forsögu Karls Lauritzsonar.



5. Önnur mál

- a) Gunnar sagði frá fundi bæjarráðs með Orkusölnunni og var nefnt að æskilegt væri að skoða með að bjóða út orkukaup veitunnar.
- b) Samþykkt að framkvæmdastjóri láti setja upp veðurstöð á hitaveitutanki.
- c) Næsti fundur verður 13. maí 2015

Fundargerð upp lesin og fundi slitið kl. 14:30

Fundargerð ritaði Skúli Björnsson